



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 8. janúar 2018 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Rebekka Eiríksdóttir og Jóhanna Ösp Einarisdóttir í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 4 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 11. desember 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1710055 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 - 2018 - aðalskipulagsbreyting Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi, umsagnir við vinnslutillögu.

Sveitarfélagið kynnti og leitaði umsagna og athugasemda við vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingum frá 1. Desember 2017 til 5. janúar 2018 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ópið hús var á skrifstofu Reykhólahrepps mánudaginn 18. desember frá kl. 10-14. Alls bárust 8 athugasemdir og 6 umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

- *Skipulagsstofnun. Fram kemur að skerpa þurfi á lýsingu á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi og að hún geri grein fyrir því að verið sé að marka stefnu um breytta veglínu og efnistöku. Einnig þurfi að koma fram hvaða þætti þarf að útfæra frekar í deiliskipulagi. Ábendingar eru um umfjöllun um efnistökusvæði, umhverfismat, menningarmínjar, verndargildi svæða og skýringarmyndir. Bent er á nauðsyn þess að leita umsagna Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar vegna atriða sem fram komu í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismat Vestfjarðavegar. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarfélagið þurfi sérstaklega að rökstyðja þörf á að velja leið Þ-H vegna 61. gr. náttúruverndarlaga, verði það niðurstaða þess. Niðurstöðukafli þarf að vera í skipulagstillögu og yfirlit um skilmála og aðgerðir sem grípa þarf til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.*
 - *Sveitarfélagið mun uppfæra skipulagsgögn í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar. Varðandi rökstuðning fyrir leiðavali hefur sveitarfélagið m.a. aflað frekari upplýsinga um botndýralíf, straummælingar og þá þætti sem getið var í áliti Skipulagsstofnunar. Sveitarfélagið hefur einnig óskað eftir frekari gögnum og rökstuðningi frá Vegagerðinni, þ.m.t. um samanburð leiða hvað varðar markmið framkvæmda. Sveitarfélagið mun færa rök fyrir afstöðu sinni til leiðavals í tillögu að aðalskipulagsbreytingu.*

- *Gunnlaugur Pétursson og fólk frá Gröf. Auk athugasemda við vinnslutillögu voru lögð fram gögn um vegalengdir vegna skólaaksturs, veglínu um Ódrjúgsháls og hæðir vegganga á Íslandi. Í athugasemdum kemur fram álit og rökstuðningur fyrir leið D2 m.a. vegna umferðar- og rekstraröryggis vegar, styttingu ferðatíma, greiðra samgangna og umhverfisáhrifa. Einnig koma fram ábendingar um verðmeta áhrif framkvæmdakosta á landnotkun, þörf á samráði við bændur í Gufudalssveit og Náttúrufræðistofnun Íslands. Lagt til að Reykhólahreppur hafni leið Þ-H m.a. vegna umhverfisáhrifa.*
 - *Sveitarfélagið mun taka tillit til sjónarmiða og rökstuðnings Gunnlaugs o.fl. fyrir leið D2 í ákvörðun sinni um leiðaval. Auk þess verða skipulagsgögn uppfærð m.t.t. ábendinga um það sem betur megi fara.*
- *Gunnbjörn Jóhannsson. Telur að skoða ætti leið I sem valkost, þar sem hann er láglandisvegur, styttr skólaakstur og skapar hringtengingu í sveitarfélaginu.*
 - *Sveitarfélagið hefur skoðað alla valkosti sem hafa verið í mati á umhverfisáhrifum. Leið I hefur ýmsa kosti. Það var þó talið að auk leiðar Þ-H ætti að skoða betur þann kost sem hefði sem minnst umhverfisáhrif í för með sér, sem er leið D2. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður gerð grein fyrir rökstuðningi að leiðir Þ-H og D2 voru megin valkostirnir og af hverju aðrir kostir voru ekki taldir til meginvalkosta.*
- *Sæmundur Guðmundsson og fjölskylda. Þar kemur fram ósk um að fara Teigsskógarleiðina, að byrja þurfi á vegaframkvæmdum mjög fljótlega og að ekki verði frekari tafir á byggingu vegarins.*
 - *Sveitarfélagið tekur undir brýna þörf á að ráðast í samgöngubætur á svæðinu og mun m.a. taka ákvörðun um leiðaval með það huga.*
- *Reynir Bergsveinsson og Sævar Reynisson. Óskuðu eftir að Vegagerðin rökstyðji hönnun vegar yfir Ódrjúgsháls, samkvæmt leið D2, mun austar og hærra yfir hálsinn en núverandi vegur liggur, en ekki nær núverandi vegstæði eða enn utar og lægra, austanvert við Lómahnjúk.*
 - *Sveitarfélagið hefur óskað eftir rökstuðningi frá Vegagerðinni um fyrir hönnun/útfærslu á leið D2 m.t.t. þessarar ábendingar. Verður gerð grein fyrir svarinu í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu.*
- *Vegagerðin. Lagðar fram leiðréttingar á upplýsingum um framkvæmdir og nýjar upplýsingar um umferð.*
 - *Sveitarfélagið mun uppfæra tillögu að aðalskipulagsbreytingu í samræmi við ábendingar.*
- *Minjastofnun. Bendir á að hafi tilgreindir framkvæmdastaðir ekki verið fornleifaskráðir þurfi að skrá þá og bera undir Míngastofnun.*
 - *Sveitarfélagið mun ganga úr skugga um að skráning liggja fyrir um öll framkvæmdasvæði og gera tillögu um úrbætur ef það liggur ekki fyrir. Tilvísun í skipulagsgreinargerð um að „engar fornleifar séu skráðar á svæðinu“ merkir að ekki fundust fornleifar á viðkomandi stað. Fornleifafræðingur hefur farið og skráð öll námusvæði.*
- *Annalísa Magnúsdóttir. Leggur til að fara Teigsskógarleiðina og bæta samgöngur um hálsana.*
 - *Sveitarfélagið tekur undir mikilvægi samgöngubóta og mun leggja áherslu á að þær komist til framkvæmda sem fyrst.*
- *Náttúrufræðistofnun Íslands. Hefur óskað eftir að fá að skila umsögn sinni eftir helgina 6.-7. janúar.*

- Ómar Ragnarsson. Leggur til gangnaleið og bendir á að lítið sé til af gögnum varðandi göng á leið D2 og leggur til hugmyndir að staðsetningu gangamunna og um leið legu styttri ganga. Einnig er bent á hæð Ódrjúgsháls í viðmiði við íbúabyggð á höfuðborgarsvæðinu.
 - Sveitarfélagið mun leggja tillöguna undir Vegagerðina og fá viðbrögð við henni.
- Landvernd. Mælir eindregið með leið D2. Telur að ÞH leiðin sé í mikilli andstöðu við lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, og náttúruverndalög, nr. 60/2013, auk þess sem norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði eru svæði á náttúruminjaskrá (svæði nr. 303). Landvernd telur ekki um brýna nauðsyn að ræða varðandi röskun á leirum og vistkerfum þeirra við þverun fjarðanna á ÞH leið, aðeins ódýrari lausn. Landvernd fer inná atriði varðandi verndargildi Teigskógar, efnistökusvæði, verndargildi jarðminja, bættu raforkuöryggi með leið D2.
 - Sveitarfélagið mun taka tillit til athugasemda og ábendinga sem koma fram í erindinu.
- Orkustofnun. Engin athugasemd.
- Ísafjarðarbær. Skipulagsnefnd og mannvirkjanefnd tekur undir niðurstöðu Vegagerðarinnar í matskýrslu varðandi Þ-H sem besta kostinn, en gerir ekki efnislegar athugasemdir.
- Leifur Z. Samúelsson. Mætti á opinn fund og lagði áherslu á leið D2, en styttri göng með breyttri legu. Vakti athygli á löngum afleggjara á leið Þ-H inn að Djúpadal, sérstaklega í tengslum við skólaakstur og snjómokstur.

Skipulagsnefnd þakkar fyrir framkomnar umsagnir og athugasemdir, sem nýtast við gerð tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Sveitarfélagið mun við mótnun aðalskipulagsbreytingu taka mið af þeim upplýsingum sem hafa komið fram. Áður en sveitarfélagið tekur ákvörðun um leiðaval Vestfjarðavegar mun það leita umsagnar Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. ábendingu frá Skipulagsstofnun. Í samræmi við lýsingu verkefnis, vinnslutillögu, ábendingar og umsagnir sem borist hafa, verður skipulagsráðgjafa falið að uppfæra skipulagsgögn við gerð tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Sveitarfélagið mun vinna að frekari samanburði leiðavals og birta rökstuðning sinn í skipulagstillögu.

3. 1801002 - Gjaldskrár 2018

3.1 Gjaldskrá Reykhólahafnar 2018

Nefndin samþykkir gjaldskrá Reykhólahafnar samhljóða.

3.2 Gjaldskrá leiguhúsnæðis 2018

Nefndin samþykkir gjaldskrá leiguhúsnæðis samhljóða.

3.3 Gjaldskrá vatnsveitu 2018

Nefndin samþykkir gjaldskrá vatnsveitu samhljóða.

3.4 Gjaldskrá fráveitu 2018.

Nefndin samþykkir gjaldskrá fráveitu samhljóða.

4. 1402013 - Bogaskemma 139744 - Lóðarleigusamningur.

Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi lóðarleigusamning. Samþykkt samhljóða.

5. 1801014 - Karlsey - Umsókn um lóð.

Erindi frá Jóhannesi Haraldssyni dagsett 4. janúar 2018, þar sem hann sækir um lóð fyrir 220 m² skemmu við hliðina á saltverksmiðjunni.

Nefndin tekur jákvætt í erindið, en bendir á að semja þurfi við Ríkiseignir sem landeiganda og hafa samráð við Vegagerðina vegna sjóvarnargarðs. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.00
